

FUNDARGERÐ

Árið 2017, föstudaginn 9. júní kl. 12:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Tómhúsi á 4. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni og Guðna Geir Einarssyni sem ritaði fundargerð.

Kristinn Jónasson, formaður nefndar sem endurskoðar regluverk jöfnunarframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, mættu á fundinn þegar fjallað var um endurskoðun á reglum jöfnunarframlaga sjóðsins.

Tinna Dahl Christiansen var fjarverandi.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 28. apríl 2017

Lögð var fram fundargerð frá 28. apríl 2017 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 28. apríl 2017 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað, dags. 6. júní sl., þar sem fram kemur að unnið hafi verið að gerð nýs reiknilíkans sem sameinar jöfnunarframlög sjóðsins í eitt framlag. Um er að ræða nýtt framlag sem kæmi í stað útgjalda jöfnunarframlagsins, tekjujöfnunarframlagsins og almenna grunnskólaframlagsins.

Þá kom fram að nefndin sem endurskoðar reglur jöfnunarframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur samþykkt að í endanlegum tillögum nefndarinnar verði tillögur um eftirfarandi:

- a. *Að nýti sveitarfélög ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sem nemi vannýttum útsvarstekjum.*
- b. *Að sett verði þak á hvert hlutfall framlaga sjóðsins er af skatttekjum sveitarfélaga. Jafnframt var um það samstaða að ekki skyldi tekið tillit til framlaga vegna málefna fatlaðs fólks þegar hlutfallið yrði reiknað.*
- c. *Að í nýju jöfnunarframlagi sjóðsins verði gert ráð fyrir því að gildistaka framlagsins verði í áföngum.*

Samþykkt nefndarinnar gerir ráð fyrir því að þó svo að nýtt reiknilíkan fyrir sameinað jöfnunarframlag taki ekki gildi, þá muni tillögur a og b taka gildi og hafa sem slíkar áhrif á núverandi jöfnunarkerfi sjóðsins.

Farið var yfir drög að nýju reiknilíkani sjóðsins og fram kom að nefndin stefni að því að skila tillögum til ráðherra í ágúst.

3. Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað, dags. 6 júní sl., þar sem fram kemur að um þessar mundir fari fram vinna meðal sveitarfélaga á Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Suðausturlandi og í Árnessýslu um sameiningar sveitarfélaga. Alls eru sveitarfélögin 16 sem eru í þessum 4 sameiningarviðræðum sem teljast vera um 22% sveitarfélaga í Íslandi. Yrðu þessar sameiningar að veruleika myndi sveitarfélögunum fækka úr 74 talsins í 62.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimilt að úthluta framlögum á grundvelli heimildarákvæða reglna um fjárhagslega aðstoð til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003. Í tengslum við þessar viðræður hafa verið samþykkt framlög úr sjóðnum að **fjárhæð allt að 72 m.kr.** vegna könnunar, kynningar og framkvæmdar atkvæðagreiðslu.

Jafnframt er á grundvelli reglnanna heimilt að greiða framlög til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu nýju sveitarfélaganna í allt að fimm ár frá sameiningu.

Lögð var fram tillaga um fjárhagslega aðkomu Jöfnunarsjóðs að endurskipulagningu á stjórnsýslu þeirra sameininga sem nú er rætt um að fjárhæð allt að **818 m.kr.** verði af sameiningu sveitarfélaganna. Framlögin yrðu greidd út í allt að fimm ár frá sameiningu. Rætt var um mikilvægi aðkomu sjóðsins vegna endurskipulagningar stjórnsýslu í sameinuðum sveitarfélögum þar sem mikill kostnaður fylgir sameiningu sveitarfélaga.

Tillagan um úthlutun framlaga vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar byggist á eftirfarandi viðmiðum:

- a. Íbúafjölda
- b. Þéttbýliskjörnum
- c. Fjárhæð á hverja sameiningu
- d. Fjarlægðum
- e. Upplýsingakerfum/sameiningu á bókhaldi

*Samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um úthlutun framlaga vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu þeirra sameininga sem nú er rætt um að fjárhæð allt að **818 m.kr.** Verði af sameiningu verða framlögin greidd út í allt að fimm ár frá sameiningu.*

Framlögin skiptast með eftirfarandi hætti:

<i>Sandgerðisbær/Sveitarfélagið Vogar</i>	<i>100,2 m.kr.</i>
<i>Stykkishólmsbær/Helgafellssveit/Grundarfjarðarbær</i>	<i>92,5 m.kr.</i>
<i>Sveitarfélagið Hornafjörður/Djúpavogshreppur/Skaftárhreppur</i>	<i>165,9 m.kr.</i>
<i>Sveitarfélög í Árnessýslu</i>	<i>459,7 m.kr.</i>

4. Framlög vegna breytinga á álagningarstofni mannvirkja

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu uppgjöri framlaga til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2017 samkvæmt reglugerð nr. 80/2001 með síðari breytingum. Áætlað uppgjör framlaganna tekur mið af endurskoðuðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 4.283,97 m.kr. Um er að ræða 1,47 m.kr. hækkun á áætlaðri heildarúthlutun framlaganna á árinu 2017 sem birt var í október sl.

Tillaga að áætluðu uppgjöri framlaganna á árinu 2017 byggist á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2016 ásamt upplýsingum um álagningarprósentur og upplýsingum sveitarfélaga um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2017.

Á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 80/2001 með síðari breytingum nam fyrirframgreiðsla framlaganna til sveitarfélaganna, sem fram fór mánuðina febrúar til júní 2017, 60% af áætluðu framlagi ársins eða um 2.569,5 m.kr.

Að teknu tilliti til fjármagns til ráðstöfunar að fjárhæð 4.283,97 m.kr. og fyrirframgreiðslu framlaga að fjárhæð 2.569,5 m.kr. samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að áætluðu uppgjöri framlaganna á árinu 2017 að fjárhæð 1.714,47 m.kr. sem kemur til greiðslu með þremur jöfnum greiðslum mánuðina júlí, ágúst og september eða 571,49 m.kr. í hvert sinn.

5. Húsaleigubætur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 29. mars sl. Í erindinu kemur fram að þrátt fyrir gildistöku laga um húsnaðisbætur 1. janúar 2017 megi enn gera ráð fyrir útgjöldum af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna eldra fyrirkomulags um sérstakar húsaleigubætur, en 200 einstaklingar hafa gert kröfu á hendur velferðarsviðs borgarinnar um greiðslu sérstakra húsaleigubóta í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins gegn Reykjavík.

Í erindinu kemur fram að það sé mat velferðarsviðs að um 30 einstaklingar gætu átt rétt á greiðslu sérstakra húsaleigubóta vegna þessa, en að endanleg niðurstaða liggi ekki fyrir. Sé tekið mið af úrlausn sambærilegra mála megi gera ráð fyrir að greiðslur vegna þessara einstaklinga næmi um 21. m.kr. og yrði hlutdeild Jöfnunarsjóðs vegna þessa um 12,6 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að Jöfnunarsjóður myndi greiða Reykjavíkurborg umrædd framlög vegna þeirra einstaklinga sem rétt eiga á greiðslu húsaleigubóta aftur í tímann með þeim fyrirvara ef um veruleg frávik verða á áætlun sveitarfélagsins um fjárförf vegna greiðslu bótanna.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

6. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað, dags. 8. júní sl., þar sem fjallað er um framtíðarhlutverk Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fram kemur í minnisblaðinu að fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafi fundað um málið og að aðilar hafi verið sammála um nauðsyn þess að breytt verði kafla um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tekjustofnalögunum svo unnt væri að fara í aðgerðir er snúa að uppbyggingu húsnaðisúrræða í málaflokki fatlaðs fólks.

Þá kemur jafnframt fram í minnisblaðinu að aðilar hafi verið sammála um að gengið yrði frá samkomulagi í þessum mánuði þar sem fram kemur vilji samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fullan stuðning við það að sjóðurinn komi að uppbyggingu húsnaðisúrræða í málaflokki. Jafnframt kom fram að aðilar samkomulagsins muni beita sér fyrir því að breytingar eigi sér stað á þeim hluta tekjustofnalaganna er snýr að Fasteignasjóði.

Því er ljóst að sjóðurinn mun ekki úthluta fjármagni vegna uppbyggingar fasteigna í málaflokki fatlaðs fólks fyrr en breytingar á lögunum verða um garð gengnar næsta haust.

Strax verður hafist handa við að vinna að smíði frumvarps vegna þessa og gerð reglugerðardragna.

7. Verklagsreglur

Lagt var fram minnisblað, dags. 6. júní sl., þar sem fram kemur að starfsmenn Jöfnunarsjóðs hafi átt fund með fulltrúum á velferðarsviði Reykjavíkurborgar þar sem til umræðu hafi verið að koma á skýrara verklagi og verkferlum er varðar nýliðun og breytingar á þjónustu einstaklinga er varðar almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks.

Fram kom að á fundinum hafi komið upp sú hugmynd að settur yrði á laggirnar óformlegur vinnuhópur með fulltrúum nokkurra þjónustusvæða þar sem unnið yrði að þessum málum. Starfsmönnum Jöfnunarsjóðs var falið að vinna að málinu og koma því í farveg.

8. Umsögn Sambandsins vegna reglugerðar 2017

Lagt var fram minnisblað, dags. 5. júní sl., þar sem fjallað er um helstu áhersluatriði Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi umsögn er varðar reglugerð um framlög vegna fatlaðs fólks á árinu 2017.

Meðal helstu áhersluatriða Sambandsins er:

- Að vægi SIS mats verði ekki hækkað á árinu 2018 en vægi innviða verði aukið.
- Að þröskuldur inn í jöfnunarkerfið verði miðaður við 5. flokk SIS matsins á árinu 2018.
- Að hugað verði að afnámi reglu um skerðingu á næsta ári.
- Áhersla á að Fasteignasjóður starfi áfram sem sjálfstæður aðili.
- Að viðbótarframlagið verði áfram hluti af framlögum sjóðsins vegna málefna fatlaðs fólks.

Þar sem áhersluatriði Sambandsins snúa fyrst og fremst að framlögum næsta árs var rætt um möguleika á því að fulltúar Sambandsins kæmu á fund nefndarinnar þegar farið yrði að vinna að reglum vegna framlaga ársins 2018.

9. Framlag úr Fasteignasjóði vegna uppbyggingar Klettaskóla

Lagt var fram minnisblað, dags. 5. júní sl. og erindi frá Reykjavíkurborg dags. 1. desember 2016. Í erindi Reykjavíkurborgar kemur fram að sveitarfélagið sé í umfangsmiklum og kostnaðarsömum framkvæmdum við að koma upp sundalaugar- og íþróttaaðstöðu og öðru er varðar hæfingu þroskahamlaðra nemenda skólans.

Fram kemur að áætlaður kostnaður við verkefnið sé 2,6 ma.kr. og þá sé ótalinn kostnaður vegna endurnýjunar á eldri búnaði. Í erindinu er óskað eftir því að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga leggi fé í fjármögnun á framkvæmdinni.

Í umræðum um málið kom fram að Klettaskóli er sérskóli á grunnskólastigi og annast Reykjavíkurborg rekstur skólans samkvæmt sérstöku samkomulagi milli ríkisins, Sambandsins og Reykjavíkurborgar vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Málefni Klettaskóla var því ekki hluti af yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011.

Jafnframt var um það rætt að ekki liggi fyrir með hvaða hætti reglur Fasteignasjóðsins komi til með að verða varðandi uppbyggingu húsnæðisúrræða í málaflokknum. Þá kom enn fremur fram að skoða þurfi hvort framkvæmdin við Klettaskóla falli undir viðmið um að teljast hæfingarúrræði í málaflokki fatlaðs fólks.

Starfsmönnum Jöfnunarsjóðs var falið að svara Reykjavíkurborg samkvæmt þeirri umræðu sem fram fór á fundinum.

10. Notendastýrð persónuleg aðstoð

Lagt var fram til kynningar minnisblað, dags. 8. júní sl., þar sem birt er yfirlit yfir áætlaðar fjárveitingar vegna NPA verkefnisins árin 2017-2022. Í yfirlitinu kemur fram að áætlað er að framlögin hækki úr 199,4 m.kr. árið 2017 í 560 m.kr. á árinu 2022.

Samþykkt var að óska eftir því við velferðarráðuneytið að fulltrúar þess mæti á næsta fund nefndarinnar til að ræða stöðu og framtíð NPA verkefnisins.

11. Viðbótarframlög 2017

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað, dags. 5. júní sl., þar sem fram kemur að frá því á árinu 2014 hefur sjóðurinn veitt svokölluð viðbótarframlög vegna framlaga í málafllokki fatlaðs fólks. Framlöggin hafa tekið tillit til lækkunar á framlögum til þjónustusvæða milli ára en á síðasta ári var tekið tillit til hallareksturs á þjónustusvæðum.

Fram kom að í drögum að reglugerð um framlög ársins er heimild til að veita viðbótarframlag vegna ársins 2017. Fram kom á fundinum að vilji væri til þess að veita viðbótarframlög í ár og ákveðið var í því sambandi að leita upplýsinga hjá þjónustusvæðunum um hver niðurstaða rekstrar væri fyrir árið 2016.

12. Staða samninga við stóra rekstraraðila

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað, dags. 6. júní sl., og erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 11. apríl sl. Í minnisblaðinu kemur fram að fjallað hafi verið um stöðu samninga við stóra rekstraraðila í þjónustu við fatlað fólk á stjórnarfundum Sambandsins 31. mars sl. Bókað hafi verið á fundinum að óskað sé eftir fundi með ráðherrum félags- og jafnréttismála og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til þess að ræða stöðu samningsgerðar við stóra rekstraraðila í þjónustu við fatlað fólk.

Fram kom í umfjöllun um málið á fundinum að fjallað hafi verið um málefni stóru rekstraraðilanna nokkrum sinnum á fundum ráðgjafarnefndarinnar og eftir frekari umfjöllun um málið var eftirfarandi bókun samþykkt:

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs telur ekki ástæðu til þess að veita fjármunum með sérstökum hætti til þeirra þjónustusvæða sem reka stórar rekstrareiningar sem þá yrði á kostnað reksturs minni rekstrareininga þar sem í rekstri þeirra stærri ætti að felast hagræðing vegna stærðar.

13. Framlög vegna eflingar tónlistarnáms 2017/2018

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað, dags. 8. júní sl., ásamt yfirliti yfir áætluð framlög til eflingar tónlistarnámi fyrir skólaárið 2017/2018 og samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun aðstöðumunar til tónlistarnáms.

Starfsmaður sjóðsins fór yfir áætlun framlaga til eflingar tónlistarnáms fyrir skólaárið 2017/2018 og farið var yfir forsendur og útreikninga framlaganna.

Eftir umfjöllun samþykkti nefndin áætluð framlög til eflingar tónlistarnáms fyrir skólaárið 2017/2018 á grundvelli reglna frá 31. ágúst 2016.

14. Bankaskattur

Lögð voru fram til kynningar drög að reglugerð um greiðslu Jöfnunarsjóðs á sérstöku framlagi vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki. Jafnframt voru lögð fram lög um breytingu á tekjustofnalögum sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum.

Í lögnum kemur fram að þrátt fyrir ákvæði í 9. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga skuli Jöfnunarsjóður á árinu 2017 greiða sérstakt framlag að fjárhæð 650 m.kr. sem skiptast skal hlutfallslega milli sveitarfélaganna í samræmi við hlutdeild þeirra í álögðu heildarútsvari á árinu 2016.

Í drögum reglugerðarinnar er kveðið á um að 550 m.kr. skuli greiddar út fyrir 1. júlí í samræmi við áætlaða hlutdeild þeirra í álögðu heildarútsvari á árinu 2016 og eftirstöðvar skuli gerðar upp þegar álagt heildarútsvar ársins 2016 liggur fyrir, eigi síðar en 1. nóvember 2017.

Fram kom að ráðgjafarnefndin telur að fyrirliggjandi drög að reglugerð vera í samræmi við gildandi lög.

Jafnframt voru útreikningar er byggjast á fyrirliggjandi drögum að reglugerð lagðir fram til umfjöllunar og afgreiðslu.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlög að fjárhæð 550 m.kr. verði greidd út fyrir 1. júlí 2017 og að þeim verði skipt hlutfallslega milli sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í álögðu heildarútsvari á árinu 2016 eins og kveðið er á um í lögum. Eftirstöðvar framlagsins, samtals um 100 m.kr., skuli greiddar þegar álagt heildarútsvar ársins 2016 liggur fyrir, en eigi síðar en 1. nóvember 2017 og skal þeim skipt á milli sveitarfélaga með sömu aðferð.

Nefndarmennirnir Karen Elísabet Halldórsdóttir og Bjarni Jónsson sátu hjá við atkvæðagreiðsluna og lögðu þau fram hvort í sínu lagi eftirfarandi bókaniir:

Undirrituð fagnar lagabreytingu sem er viðurkenning á tekjumissi sem sveitarfélög urðu fyrir vegna skattleysis af séreignasparnaði einstaklinga sem nýttur er í tengslum við skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar. Þess skal þó geta að sveitarfélög þurfa áfram að leita leiðréttingar til ríkisins og þá fjármálaráðherra, á töpuðum útsvarstekjum vegna fyrrgreindra aðgerða þar sem þessi viðurkenning tekur aðeins á brotabroti af töpuðum tekjum. Þegar til slíkra bóta kemur, þá ættu þeir fjármunir ekki að renna í sjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Hlutverk, regluverk og lagaumgjörð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er skýr. Bent hefur verið á að ekki sé hæfið yfir vafa hvort það frávik og þeir gjörningar og málatilbúnaður sem hér er undir samræmist þeim ramma sem sjóðnum er ætlað að vinna eftir. Fyrir liggur að einhver sveitarfélög muni láta reyna á réttmæti nýrra laga og afturvirkni þeirra og þá um leið á gjörninga sem á þeim byggja. Í ljósi aðdraganda, málsmeðferðar og þess að á málið muni líklega fara fyrir dóm, setur undirritaður fyrirvara við það og tekur ekki þátt í afgreiðslu þess.

Bjarni Jónsson

15. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar var ákveðinn 30. júní kl. 12:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson